

*Greppaminni: rit til heiðurs Vésteini Ólasyni sjötugum. Hið íslenska
bókmenntafélag, Reykjavík*

AÐALHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

ÞAR SEM SIGMUNDUR

OG ARTÚR MÆTAST

Hetjukvæði Eddu eru varðveitt í Konungsbók, GKS 2365 4to, sem var skrifuð eftir einu eða fleiri nú glötuðum forritum í kringum 1270. Kvæðin snúast mikið til um hetjur einnar fornaldarsögu, *Völsunga sögu*, sem reyndar er að miklu leyti afurð þessa kveðskapar. Um er að ræða átján kvæði; hin elstu eru að jafnaði talin ort á 9. öld, en þau yngstu virðast vera mjög ung, jafnvel frá 13. öld.¹ Þótt erfitt sé reyndar að segja nokkuð með vissu um aldur hetjukvæðanna þykir ljóst að þau muni vera misgömul og þar af leiðandi hafa þau gengið mislengi í munnmælum fram að ritunartíma.

Hetjukvæðin spanna efni *Völsunga sögu* allt frá lokum 8. kafla og til enda, og þótt telja meg líklegt að höfundur sögunnar hafi einnig stuðst við kvæði í fyrsta hluta hennar, eru slík kvæði hvergi varðveitt. Þar með verður ekki fullyrt að hvergi hafi varðveist vísbendingar um tilveru slíkra kvæða, enda bera nokkrar — og þá vægast sagt heldur ólíkar — heimildir vott um það. Áður en ég sný mér að aðalviðfangsefni greinarinnar, þ.e.a.s. því sem felst í titli hennar og varðar sameiginlegt efni í sögnum um Sigmund Völsungsson og Artúr konung, vil ég gera þessum heimildum nokkur skil, enda málinu skyldar. Fyrst mun ég þó gera stuttlega grein fyrir því efni sem tilheyrir fyrsta hluta *Völsunga sögu* og varðar viðfangsefni greinarinnar (3.– 8. kafla).

Við hefjum sögu þar sem tvíburarnir Sigmundur og Signý Völsungsbörn eru fullvaxta. Signý er nauðug gefin Siggeiri konungi Gautlands, sem ákveður snemma sögu að svíkja tengdafólk sitt. Í framhaldi af því fer Siggeir með liði gegn Völsungi konungi og fellir hann, en handtekur Sigmund og bræður hans alla, setur í stokk og skilur eftir í skógi, svo að ylgur geti étið þá. Sigmundur kemst einn bræðra sinna lífs af, þar sem Signý sendir til hans mann sem smyr

¹ *Helgakviða Hundingsbana I og II, Helgakviða Hjörvarðssonar, Grípisspá, Reginsmál, Fáfnismál, Sigurdrífumál, Brot af Sigurðarkviðu, Guðrúnarkviða I, II og III, Sigurðarkviða hin skamma, Helreið Brynhildar, Oddrúnargrátur, Atlakviða, Atlamál hin grænlenku, Guðrúnarhvöt og Hamdismál.*

hunangi á andlit hans og í munn; þetta verður til þess að ylgurinn gráðuga sleikir andlit Sigmundar, sem við það bítur úr henni tunguna og drepur hana þannig, og nær að losa sig um leið.

Eftir þetta dvelur Sigmundur í skóginum með vitund Signýjar, sem er full haturs í garð Siggeirs. Dag nokkurn skiptir hún litum við seiðkonu og fer til Sigmundar í hennar líki, og saman geta þau soninn Sinfjötla, sem Signý sendir síðar í fóstur til föður síns. Sigmundur, sem undirbýr nú hefnd eftir Völsunga, venur Sinfjötla við harðræði og lifa þeir m.a. um hríð sem úlfar á skógi; við þetta öðlast Sinfjötli þann þroska sem hann þarf til að geta tekið þátt í hefndaraðgerðum Sigmundar.

Fyrsta tilraun þeirra Sigmundar og Sinfjötla til hefnda endar með því að Siggeir lætur handtaka þá, færa í fjötra og kasta í haug, þar sem þeir eru aðskildir með hellu. Þessi þrísund þeirra frænda/feðga hefur vafalaust verið þeim erfið, og líklega hefðu þeir soltið til dauða hefði Signý ekki laumað til þeirra fleski og sverði, en með sverðinu tekst þeim að rista helluna og brjótast út. Að því loknu ganga þeir til hallar Siggeirs og leggja eld að, og biður Sigmundur Signýju um að ganga út úr eldinum. Signý hafnar þó lífgjöfinni, segir bróður sínum frá faðerni Sinfjötla og kveður hann með kossi.

Vísbendingar

1. Norrænar heimildir: Ein þeirra heimilda sem ber vott um glatað kvæði af þeirri frásögn sem reifuð var hér að framan er reyndar *Völsunga saga* sjálf, þar sem hún felur í sér vísuþrot, nánar tiltekið fjögur vísuorð undir kviðu hætti sem vísa í þrísund þeirra Sigmundar og Sinfjötla í haugi Siggeirs (sbr. 8. kafli *Völsunga sögu*, ennfr. Rosenberg 1878, 311–12). Þessi hálf vísa hljóðar svo (*Eddadigte* III 1971, 79):2

Ristu af magni
mikla hellu
Sigmundr hiqrv
ok Sinfjotli.

Þrjú önnur kvæði, *Helgakviðurnar* I og II ásamt *Eiríksmálum*, renna frekari stoðum undir þennan möguleika, þ.e.a.s. að til hafi verið kvæði með efni þessa tiltekna kafla. Í *Helgakviðu Hundingsbana* I (*Völsungakviðu*) segir af orðasennu Guðmundar nokkurs og Sinfjötla, þar sem sá hinn fyrrnefndi

2 Samkvæmt Jan de Vries má ef til vill einnig sjá merki kveðskapar í 3. kafla *Völsunga sögu*, þar sem Óðinn festir sverð sitt í stokki (1954, 96); til að fá þá útkomu þarf hins vegar að hagræða prósatextanum töluvert.

vitnar til dvalar Sinfjötla hjá Siggeiri konungi og veru hans í úlfsham (*Eddadigte* III 1971, 15–16); styttra afbrigði sömu sagnar er að finna í *Helgakviðu Hundingsbana II (Völsungakviðu hinnu fornu)* (*Eddadigte* III 1971, 35–37), en líklegt þykir þó að sitthvor heimildin liggja að baki kvæðunum tveimur (Harris 1983, 216–218). Orðasennan er sambærileg 9. kafla *Völsunga sögu*, þar sem Guðmundur heitir Granmar, en efnislega vísar hún til 8. kafla sögunnar, þess hluta sem á sér hvergi fyrirmynd í varðveittum kvæðum. Ekki eru allir á eitt sáttir um uppruna *Helgakviðanna*, en Sophus Bugge taldi líklegt að sagnæfni þeirra hefði mótast yfir í nú varðveitt kvæði meðal norrænna manna á Bretlandi.³ Þriðja kvæðið sem segja má að beri vott um sagnir, ef ekki kveðskap, af þeim Sigmundi og Sinfjötla, eru svo *Eiríksmál* sem Gunnhildur drottning lét yrkja um Eirík konung blóðöxi eftir fall hans á Englandi árið 954. Einungis brot er nú varðveitt af kvæðinu, þar sem segir frá þeim móttökum sem Eiríkur fær í Valhöll, en við komu hans þangað biður Óðinn þá Sigmund og Sinfjötla um að taka á móti hinum tigna konungi (*Fagrskinna* 1985, 77–79).

Önnur heimild sem gæti borið vott um sagnir og/eða kvæði af þeim Sigmundi og Sinfjötla — og tengist reyndar kvæðabroti *Völsunga sögu* náði — er myndsteinninn *Ardre VIII* frá Gotlandi, sem talinn er vera frá 8. eða 9. öld (Nylén og Lamm 2003, 71). Á steininum er innfelld mynd fyrir um það bil miðju, sem ef til vill mætti túlka sem þá Sigmund og Sinfjötla, fjötraða í áður nefndum haugi Siggeirs (sbr. Heinze 2003, 24). Sé myndin skoðuð nánar, má sjá á henni konu sem kemur til hinna fjötruðu manna færandi

³ Segja má að Sophus Bugge byggi á hugmyndum Guðbrands Vigfússonar, sem taldi reyndar að flest eddukvæðanna ættu efnislega rætur að rekja til Bretlandseyja, þótt þau væru að vísu ort af norrænum skáldum (Guðbrandur Vigfússon 1878, clxxxvi og 1883, lxiii). Guðbrandur, sem fjallaði sérstaklega um *Helgakviðurnar* í þeim tilgangi að sýna fram á tengsl þeirra við Bretlandseyjar, taldi m.a. að orðasenna Sinfjötla og Guðmundar vísaði til Guernsey í Ermarsundi, þar sem Sinfjötli segir: „þú vart völvu / í Varinseyio“ (*Eddadigte* III 1971, 15 og Guðbrandur Vigfússon 1886, 32). Flestir af samtímamönnum Guðbrands mótmæltu kenningum hans, en Bugge tók þær hins vegar upp og sýndi fram á bresk áhrif víða í þessum kvæðum. Fyrri kviðuna telur hann orta á tímabilinu 1020–1035; hann telur vísu að skáldið sé af norskum uppruna, en muni hafa dvalið meðal Íra, og þá væntanlega í konungshöll norrænna manna í Dyflinni, og síðan ort kvæðið þar eða við konungshirðina á Eng landi — og þá væntanlega fyrir Knút hinn ríka (Bugge 1896, 3–4, 53–54, 154 og 192; um síðari kviðuna, sjá 118 og 156). Alexander Bugge, sem tók málið upp nokkru síðar, er að hluta til sammála þessu, en telur þó að kvæðið sé ort af Íslendingnum Arnóri jarlaskáldi fyrir Magnús góða (1914, 361 og 369–373). Almennt er nú talið að *Helgakviða Hundingsbana I* sé yngri en megin þorri erindanna í *Helgakviðu Hundingsbana II*, sem lítur út fyrir að vera samsett af ritstjóra (Harris 1983, 215).



Myndin sem um ræðir er fyrir miðjum steini, hægra megin við afturstafn skipsins. Ljósmynd: Bengt A. Lundberg. ATA. Stokkhólmi.

hendi, þar sem hún heldur á aflöngum hlut, líklega sverði, líkt og Sune Lindqvist hefur bent á (1942, 24). Sé myndin túlkuð á þann hátt sem að framan greinir, má heita líklegt að hér sé á ferðinni Signý Völsungsdóttir.⁴

Það sem mælir gegn því að myndin sé túlkuð sem svo að hún vísi til þeirra Sigmundar og Sinfjötla er sú staðreynd að sambærilegar myndir af þeim feðgum hafa ekki varðveist annars staðar svo vitað sé. Aftur á móti hlýtur það að renna nokkrum stoðum undir tilgátuna að sagnir um þá virðast hafa verið útbreiddar, að minnsta kosti samkvæmt því sem fram kemur hér að aftan.

Annað sem styrkir þann möguleika að *Ardre VIII* vísi í sagnir um Sigmund og Sinfjötla er önnur mynd á sama steini, sem telja má líklegt að sýni Gunnar Gjúkason í ormagryfju Atla. Fræðimenn greinir reyndar nokkuð á um túlkun myndarinnar, og er því vænlegast að túlka hana í samhengi við áþekkar myndir á öðrum steinum frá Gotlandi, þá *Klint Hunninge I* og *Stenkyrka Smiss I* (8. öld); ennfremur ber að skoða þessar þrjár myndir með hliðsjón af Ásubergsvagninum svokallaða frá fyrri hluta 9. aldar, en útskurð ur á honum felur í sér fjórðu myndina af hugsanlegum — og reyndar líklegum — Gunnari í ormagryfjunni. Þessar fjórar myndir benda til þess að skandinavískir menn á 8. og 9. öld hafi kunnað og sagt sögu af manni í ormagryfju, og þótt einhverjum verði líklega hugsað til Ragnars loðbrókar í ormagarði Ellu konungs í þessu samhengi, er fleira sem mælir með því að hér sé á ferðinni Gunnar Gjúkason.⁵ Að því leyti skiptir ormagarðsmyndin máli hér að sé hún túlkuð sem svo að hún vísi í atburði *Völsunga sögu*, hlýtur hún þar með að styrkja þá tilgátu að fyrrnefnda myndin geti meira en líklega vísað í hana líka.⁶

2. Engilsaxneskar heimildir: Enn ein heimildin, og reyndar helsta vísbendingin um hetjusagnir eða -kvæði af þeim Sigmundi Völsungssyni og Sinfjötla, er hin engilsaxneska *Beowulf* eða *Bjólfskviða*. Kvæðið, sem er varðveitt í einu handriti frá c. 1000, hefur almennt verið talið frá 8. öld, en samkvæmt nýjustu rannsókn eru færð rök fyrir því að það muni ort á ár

4 Sambærilegar konumyndir hafa oftast nær verið túlkaðar sem valkyrjur sem bjóða menn velkomna til Valhallar með því að bjóða þeim drykk; ekkert segir að svo þurfi að vera í öllum tilvikum.

5 Um þetta verður nánar rætt í bók sem höfundur þessarar greinar hefur í smíðum og mun fjalla um fornaldarsögur Norðurlanda.

6 Sé raunin þessi benda myndirnar einnig til þess að þátturinn um Sigmund og Sinfjötla og þátturinn um Gjúkunga hafi verið tengdir þegar á 9. öld, en um það eru menn ekki á eitt sáttir.

unum 826–827 (North 2006: 4–7 og 316–317). Fræðimenn eru reyndar langt frá því að vera sammála um aldur kviðunnar, sem er í hinum ýmsu ritum sögð vera frá tímabilinu 7.–10. öld. *Bjólfskviða* felur í sér sögulegan kjarna og segir frá konungum norrænna þjóða, einkum þeirra Dana, Gauta og Svía, sem voru uppi á 5. og 6. öld. Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á heimildagildi kviðunnar og er oftast nær talið að einungis hluti hennar byggi á sögulegum persónum og raunverulegum atburðum úr skandinavískri sögu, en að annað sé tilbúningur skáldsins eða jafnvel lán úr öðrum áttum. Birger Nerman, sem rannsakaði efni *Bjólfskviðu* á þriðja áratug síðustu aldar í víðara samhengi við sögu Svíaríkis, var hins vegar sannfærður um að flest af því sem sagt er frá gæti vel staðist sögulega séð.⁷ En hvort sem gengið er alla leið í þessum efnum eða einungis hálf, er líklega óhætt að gera ráð fyrir að *kjarni Bjólfskviðu* vísi til munnmælasagna allt frá innri tíma kvæðisins eða stuttu eftir hann.

Í 13. þætti *Bjólfskviðu* segir frá Sigmundi (Sigemund), syni Völsungs konungs (Wæls/Wælsing), og Sinfjötla (Fitela), þegar einn af mönnum Hróars konungs (Hrothgars í Heorot, ef til vill sbr. Hleiðru) flytur hetjuljóð, þar sem hann líkir Bjólfi (Beo wulf) hinum gauska við Sigmund. Sigmundar er hér minnst sem mikillar, sögufrægrar hetju og er sagt að skáldið hafi farið með *allar þær sagnir* sem hann hafi heyrt af honum. Umræddur kafli hljóðar svo í þýðingu Seamus Heaney: „He told what he’d heard / repeated in songs about Sigemund’s exploits / all of those many feats and marvels, / the struggles and wanderings of Wæls’s son, / things unknown to anyone / except to Fitela, feuds and foul doings / confided by uncle to nephew when he felt / the urge to speak of them: always they had been / partners in the fight, friends in need. / They killed giants, their conquering swords / had brought them down“ (*Beowulf* 2000, 59 [l. 874–883]).

Þær miklu sagnir sem hér er til vísað eru líklega sambærilegar þeim sem nú eru varðveittar í *Völsunga sögu*, auk annarra sem hafa glatast í aldanna rás. Íslenskar heimildir geta þess t.d. hvergi að þeir feðgar hafi ferðast um og drepið jötna, og því færir *Bjólfskviða* okkur upplýsingar umfram þær sem varðveist hafa hér norðurfrá. Þar að auki segir kviðan að Sigmundur hafi fellt dreka undan gráum steini, tekið fjársjóð hans og haft brott með sér á skipi (*Beowulf* 2000, 59–61 [l. 884–899]):

⁷ Hér á Nerman við helstu konunga *Bjólfskviðu* og höfuðatburði. Tekið skal fram að eðli málsins samkvæmt ná sögulegar rannsóknir ekki yfir viðureign Bjólfs við yfirnáttúrlegar vættir, svo sem Grendel og móður hans. Sjá Nerman 1925, 57 o.áfr. og 115 og 135.

After his death
Sigemund's glory grew and grew
because of his courage when he killed the dragon,
the guardian of the hoard. Under grey stone
he had dared to enter all by himself
to face the worst without Fitela.
But it came to pass that his sword plunged
right through those radiant scales
and drove into the wall. The dragon died of it.
His daring had given him total possession
of the treasure hoard, his to dispose of
however he liked. He loaded a boat:
Wæls's son weighted her hold
with dazzling spoils. The hot dragon melted.

Sigemund's name . was known everywhere.
He was utterly valiant and venturesome,
a fence round his fighters ...

Á grundvelli þessa hefur því verið haldið fram að Sigmundur sé hin upphaflega drekadrápshetja Völsunga, en ekki sonur hans Sigurður Fáfnisbani (sbr. North 2006, 70). Þetta má heita sennilegt, enda er vitnisburður um drekadráp Sigurðar líklega eitthvað yngri. Nöfn feðganna Sigmundar og Sigurðar (Siegfrieds samkvæmt þýskum sögum) eru engu að síður áþekkt og alls ekki óhugsandi að öðrum hafi verið eignað það sem hinum tilheyrði.⁸

Í *Bjólfskviðu* er Sinfjötli sagður frændi Sigmundar (á fornensku ‚nefan‘, sbr. *nephew*), en samkvæmt *Völsunga sögu* er hann bæði sonur hans og frændi (systursonur); í upphafi, þ.e.a.s. áður en Signý tjáir Sigmundi hið rétta um faðerni Sinfjötla, er vísað til þeirra sem frænda, en feðga upp frá því. Þetta gæti bent til þess að í þeirri sagnahefð sem *Bjólfskviða* vísar til hafi menn þekkt móðerni Sinfjötla, og að hann hafi verið systursonur Sigmundar. Og hafi svo verið, er ekki ólíklegt að mönnum hafi verið kunn sú frásagnareining sem að framan var reifuð, en hún felur m.a. í sér söguna um getnað Sinfjötla.

⁸ Það sem vekur athygli hér er að Sigmundur vegur drekann undan gráum steini, þ.e.a.s. neðan frá. Þetta minnir á aðferð Sigurðar sem drap Fáfni úr gryfju. Þessi aðferð hefur einmitt verið notuð sem afgerandi þáttur við greiningu á myndum af drekadrápshetjum og í þeim tilvikum þar sem mynd felur einungis í sér drekavíg, en engin önnur fylgiminni, hefur þetta þótt benda til þess að um Sigurð sé að ræða. Elstu myndheimildir sem talið er að sýni Sigurð sem drekadrápshetju eru frá 10. öld (sbr. Aðalheiður Guðmundsdóttir 2007, 785 o.áfr.).



Steinninn frá Winchester. Ljósmynd:
John Crook.

Þótt efni *Bjólfskviðu* sé vafalítið skandinavískt að uppruna (og þá ef til vill danskt) var kvæðið engu að síður skráð á Englandi og gæti því allt eins borið vott um að sagnir af Sigmundi hafi verið kunnar þar í landi. Ef við hefðum annan vitnisburð um „Sigmundarsögnina“ á Englandi, myndi það vissulega auka líkurnar á að svo hafi verið.

Þetta leiðir okkur að annarri enskri heimild eða broti af steinmynd (höggmynd) sem fannst í Winchester á Suður- Englandi. Steinninn er talinn vera úr höll Knúts konungs (d. 1035), og er því líklega frá tímum Anglo-danskra konunga þar í landi (1016–1042).

Talið er að myndin sýni úlf sleikja andlit Sigmundar Völsungssonar, þar sem hann liggur fjötraður í stokki Siggeirs konungs, smurður hunangi, líkt og segir í 5. kafla *Völsunga sögu*. Umrædd sena tilheyrir í stærra samhengi þeim þætti sögunnar sem gerist við höll Siggeirs og á sér stað skömmu áður en Signý heimsækir bróður sinn, svo sem að framan greinir; myndin gæti því borið vott um nú glatað sagnæfni/ kvæði um samskipti Sigmundar við Siggeir mág sinn og systur sína. Ekki má heldur gleyma því að höggmyndin frá Winchester er talin vera frá svipuðum tíma og frásögnin af Sinfjötla í *Helgakviðu Hundingsbana I*, að minnsta kosti samkvæmt kenningum Sophusar Bugge (sbr. nmgr. 3); steinninn má því teljast enn ein vísbendingin um glatað efni af þessum toga og eykur þar með líkurnar á að Englendingar, eða ef til vill öllu heldur norrænir ferðalangar eða innflytjendur á Englandi, hafi þar með þekkt söguna um getnað Sinfjötla.

Þrjú minni

Að samanlögðu því sem að framan greinir verður ekki betur séð en að til hafi verið eitt eða fleiri kvæði, eða samsvarandi sagnir, af þeim Sigmundi og Sinfjötla, sem mun(u) þá væntanlega hafa þekkt í Skandinavíu á 9. öld (Gotlandi) og á Englandi, — a.m.k. meðal norrænna manna — að öllum líkindum öld áður, ef ekki mun fyrr. Þótt uppruni þessara sagna verði hér lát-

inn liggja á milli hluta,⁹ væri freistandi að spyrja hvort annað þessara tveggja svæða geti með einhverjum hætti talist mótunarstaður efniviðarins. Að sjálfsgöðu verður ekki um slíkt fullyrt, enda um að ræða gamalt sagnæfni sem líklegt er að hafi flakkað víða, auk þess sem það gæti hafa aukist og ummyndast á löngum ferli. En hvað sem því líður, þá leiðir þetta okkur að minnsta kosti að aðalefni greinarinnar, sem felst í því að benda á samsvaranir með því sagnæfni sem tengist Sigmundi og Sinfjötla annars vegar og hins vegar sögnum frá bresku menningarsvæði sem festust með tímanum mjög við sagnæfni það sem kennt er við Artúr konung. Um er að ræða þrjú áberandi minni; hið fyrsta tengist sverði Sigmundar, annað getnaði Sinfjötla og hið þriðja dauða hins síðarnefnda.

Sverðið í steininum. Í 3. kafla *Völsunga sögu* segir frá því er gamall maður gengur í höll Völsunga, þar sem menn sitja að veislu, og stingur sverði í stein/stokk svo að það sekkur upp að hjöltum.¹⁰ Maðurinn, sem mun hafa verið Óðinn, mælir um að sá sem geti brugðið sverðinu úr stokknum skuli eignast það. Ýmsir verða til þess að reyna sig við sverðið, en að lokum er það þó Sigmundur sem dregur það út. Atburðinn má líklega helst túlka sem svo að með þessu sé Óðinn — sem er allt í senn forfaðir Völsunga og „örlagaguð“ — að velja þeim konung.

Minnið um sverðið í steininum er í sjálfu sér ekki algengt og kemur einungis fyrir í einni annarri heimild frá Íslandi, þ.e. fornaldarsögunni um Hrólfr kraka, þar sem segir frá þremur vopnum sem standa föst í hellisvegg. Afbrigði *Hrólfs sögu kraka* getur þó varla talist náskyld sögninni um sverð Óðins í *Völsunga sögu*,¹¹ en ef við færum okkur yfir í keltneskan sagnaarf,

9 Sophus Bugge taldi að Sigmundur væri að uppruna vestur-germönsk söguhetja (1896, 174), sem breytir í raun engu um þann samanburð sem hér er gerður, enda snýr hann einungis að mótun efnisins yfir í nú varðveittar sagnir. Sagnæfni sem þetta getur auðveldlega hafa bætt við sig efni frá annarri þjóð en þeirri sem það upphaflega barst frá.

10 Samkvæmt *Völsunga sögu* er þetta eik sem stendur í höll Völsunga, og er tréð nefnt barnstokkur. Í *Völsungs rínum* (14. öld) er hins vegar talað um berg og „botstokk“ (ef til vill afbökun fyrir blótstokk): „Bergg eitt stod j breidvm sal, / bot stock ytar kalla“ (III 2), „Bauga Tyr j bergit fal / branden upp at hiallte“ (III 35) og „Suerdit gefec þeim seima lund, er sialfr dregr ur bergi“ (III 36) (*Rímnasafn* 1905–1912, 330–331).

11 *Hrólfs saga kraka* minnir hér aftur á móti á sögu sem nefnd hefur verið upp á ensku *The legendary life of Siward* og mun hafa mótast og lifað meðal norrænna manna á Englandi. Þeim fræðimönnum sem athugað hafa tengsl þessara sagna ber saman um að *Hrólfs saga kraka* þiggi frá hinni síðarnefndu, ekki einungis minnið um sverðið í steininum, heldur ýmsa aðra efnisþætti, svo sem bjarnareðli söguhetjunnar og drekavíg. Oscar Ludvig Olson, sem hvað gerst hefur skoðað þessi tengsl, telur að með samfélagi Dana og Norðmanna á Norður-Eng-

kemur minnið um sverðið í steininum fyrir í nokkrum sögum, og þá m.a. af hinum fræga sagnakonungi Artúri, sem er bresk hetja. Þótt sagnir af Artúri hafi löngum þótt goðsagnakenndar, er almennt talið að hann eigi sér sögulega fyrirmynd í herforingja sem var uppi á síðari hluta 5. aldar og fram á þá 6. (Brandsma 1998, 33). Farsæl herstjórn þessa foringja (Artúrs) mun hafa getið af sér frásagnir sem með tímanum urðu uppistaða sagnabálks sem lifði í margar aldir og braust fram í hinum ólíkustu sögum og kvæðum, munnmælum jafnt sem bókmenntum, ekki einungis á Bretlandseyjum, heldur víðar í Evrópu. Sögur af Artúri skarast á við margs konar söguefni annað, og ýmsar söguhetjur tengjast þeim náði, svo sem Merlín hinn fjölkunnugi. Merlín þessi var áhrifavaldur á líf Uters, föður Artúrs, og Artúrs sjálfs allt frá getnaði, ekki ólíkt því sem segja má um Óðin og afskipti hans af Völsungum.

Á 12. og 13. öld sóttu skáld mjög í þann munnmælasjóð sem Artúrssagnirnar voru og eitt þeirra, Frakkinn Robert de Boron,¹² segir Merlin hafa mælt svo fyrir að hver sá sem gæti dregið sverð úr steini skyldi verða réttskipaður konungur Bretlands, og að með þessu væri það á valdi Guðs að velja Bretum konung. Líkt og í *Völsunga sögu* reyna allmargir við sverðið, en engum tekst að ná því nema Artúri. Yfirleitt er talið að sverðið, sem gengið hefur undir nafninu Excalibur, sé komið af öðru eldra sverði sem kunnugt er úr írskum og velskum sögum og ber nafnið Caladbolg/Caledvwlch (Ackerman 1984, 530).¹³

landi hafi England orðið „annað heimili“ norrænnar sagnamenningar. Hann telur *Hrólfis sögu kraka* hafa verið kunna á Englandi, og að þar hafi síast inn áhrif frá sögu Siwards jarls af Norðimbralandi (Olson 1916, 13–19). Siward er söguleg persóna og mun hafa dáið c. 1055; hann er einnig þekktur sem persóna í Macbeth, leikriti Williams Shakespeares. Þá má ennfremur benda á að eitt af vopnunum þremur í *Hrólfis sögu kraka* er skálm sem Elg-Fróði virðist geta rekið í berg og dregið út aftur án nokkurra vandkvæða. Um sverðsminni *Hrólfis sögu kraka*, sjá Malcor 2008.

12 Robert de Boron orti kvæði sitt *Merlin* um árið 1200. Stuðst er við prósaþýðingu á kvæðinu frá fyrri hluta 15. aldar, sbr. *Prose Merlin* 1998, 4–5 og 74–75 og ennfremur Malory 1947, 13–14. Samkvæmt kvæðinu var sverðið rekið í steininn í gegnum steðja.

13 Sbr. minnaskrá Cross 1952: D813.1.1 *Magic sword received from Lady of Lake*, D1081 *Magic sword* og H1313 *Quest for person who can withdraw sword*. Þegar ritun þessarar greinar var u.þ.b. lokið komst ég á snoðir um að Sophus Bugge hafði bent á sömu líkindi varðandi sverð Sigmundar og Artúrs — og reyndar aðrir á undan honum — enda má ef til vill segja að líkindin séu augljós lesendum miðaldabókmennta (sbr. Bugge 1889, 39–41). Bugge bendir auk þess á líkindi þessara sagna við grísk-rómverska sögu (1889, 41–42), en það breytir því ekki að minnið, eins og það er komið inn í *Völsunga sögu*, er vafalaust sótt til breskra sagna og því mun það væntanlega komið frá norrænum mönnum sem ferðuðust meðal Kelta á Bretlandseyjum (sbr. einnig 1907, 218). Einnig má benda á grein eftir Jan de Vries, þar sem tengslin eru nefnd (1954, 102).

Að lokum má benda á, líkt og glöggir lesendur hafa nú þegar tekið eftir, að í frásögn *Bjólfskviðu* af viðureign Sigmundar við drekann, þeirri sem reifuð var hér að framan, rekur hann sverð sitt í steinvegg. Af þessu má ætla að sverð Sigmundar — jafnvel í hinum ævafornu frásögnum sem *Bjólfskviða* vitnar til — hafi snemma verið tengt bergi og talið með einhverjum hætti rekið í stein.

Sifjaspellsminnið. Eins og þegar hefur komið fram skipti Signý Völs-ungsdóttir litum við seiðkonu og í hennar líki heimsótti hún bróður sinn Sigmund í þeim tilgangi að geta með honum son, og þá væntanlega með það í huga að sá hinn sami myndi síðar hefna harma hennar. Sigmundi fannst konan fríð, og ekki þarf að fjölyrða um samskipti þeirra annað en að sonur þeirra Sinfjötli var getinn sama kvöld. Hér er á ferðinni svokallað sifjaspellsminni sem kemur fyrir í nokkrum íslenskum miðaldaheimildum, svo sem *Hrólfs sögu kraka*, með talsvert öðru sniði þó.¹⁴ Sé hins vegar leitað að líku afbrigði og því sem frá segir í *Völsunga sögu*, kemur Artúr konungur aftur við sögu, enda sambærileg frásögn í einni af hinum rituðu Artúrssögum, *Morte d'Arthur*.

Höfundur *Morte d'Arthur* (*Le Morte Darthur*) er Sir Thomas Malory (15. öld) sem byggir hér mjög á sama sagnabálki og Robert de Boron. Í þessu mikla safnríti Artúrssagna, sem og öðrum heimildum sem tilheyra sama sagnasveig, segir frá sifjaspellum þeim sem Artúr framdi með systur sinni (hálsystur) Morgan le Fay. Líkt og Signý úr *Völsunga sögu* dulbýr Morgan sig í þeim tilgangi að liggja með bróður sínum, og er þá getinn Mordred, sem verður þar með sonur Artúrs jafnt sem frændi (Malory 1947, 41). Mordred kemur síðar til með að hefna harma móður sinnar, líkt og Sinfjötli, og má skyldleiki þessara tveggja afbrigða minnisins heita nokkuð afdráttarlaus. *Fylgd yfir í annan heim*. Í sögunni af dauða Sinfjötla (sbr. lausamálstexta Konungsbókar og 10. kafla *Völsunga sögu*) segir frá því þegar Sigmundur ber son sinn dauðan að firði mjóum og löngum. Á firðinum er lítið skip og í því maður, sem tekur við Sinfjötla af Sigmundi og flytur yfir fjörðinn (*Eddadigte* III 1971, 43–44). Þótt hugmynd sem þessa, um ferjumann í öðrum heimi, sé að finna í fleiri sögum, svo sem *Hárbarðsljóðum* (sjá MI A672.1, sbr. einnig E481.2.2), kemur hún óvíða fyrir í íslenskum bókmenntum. Hvað evrópskt samanburðarefni varðar, minnir afbrigði *Völsunga sögu* einna helst á sagnir um dauða Artúrs konungs,

14 Í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinnu mestu* og *Jómsvíkinga sögu* segir frá afkvæmi systkina. Sifjaspellsminni þessara sagna er með líkum hætti, enda má rekja afbrigðin tvö til sama uppruna (Ólafur Halldórsson 2000, 9 og 50–51); þau skera sig hins vegar mjög frá *Völsunga sögu*.

nefnd Morgan le Fey flytur hann til eyjunnar Avalon (sbr. t.d. Loomis 1970, 7–8 og Brandsma 1998, 37).¹⁵

Vera má að þau þrjú dæmi sem nú hafa verið nefnd um skyldleika sagna af þeim konungum Sigmundi og Artúri séu misgóð og að gera þurfi nákvæmari samanburð svo að mark sé á takandi. Hér er hins vegar hvorki ætlunin að fara lengra með þessi umræddu dæmi né heldur að framkvæma nákvæma minnagreiningu á fyrsta hluta *Völsunga sögu*, sem reyndar gæti verið ærið tilefni til. Nægir í því sambandi að nefna til viðbótar nokkur önnur minni, sem hafa yfir sér áþekkan blæ og sambærileg brigði úr Artúrsbókmenntunum eða öðrum keltnesk-ættuðum sögum, svo sem vættir í fuglshömum,¹⁶ frjósemisepli,¹⁷ umbreytandi álög (úlfahamirnir),¹⁸ græðandi laufblað,¹⁹ morð með íkveikju²⁰ og vonda stjúpmóður;²¹ alla þessa þætti

15 Minnið um handanheim í eða handan við vatn (MI F212) kemur víðar fyrir í írskum miðaldabókmenntum (Cross 1952, 244), sem og íslenskum þjóðsögum (hvað varðar heimkynni huldufólks).

16 Óskmey Óðins sem birtist Reri, föður Völsungs, í krákuham (2. kafli) mætti ef til vill skoða í samhengi við hulduvættir Avalon (með Morgan le Fey í fararbroddi), sem voru taldar fljúga um í fuglslíki (Loomis 1970, 12).

17 Í *Völsunga sögu* segir frá því þegar óskmey Óðins færir Reri epli, svo að hann geti ásamt konu sinni eignast barn (2. kafli). Samkvæmt Sophus Bugge er minnið um konuna sem étur af epli til að öðlast frjósemi algengt í sögnum og ævintýrum innan og utan Evrópu. Hann telur hugmyndina um epli sem frjósemistákn væntanlega hafa borist norðureftir frá Bretlandseyjum, en þangað aftur á móti úr grísk-rómverskri goðafræði (1889, 4–5, 36 og 38). Þess má einnig geta að Gísli Sigurðsson hefur bent á efnisleg, en jafnframt nokkuð fjarskyld tengsl þessa minnis við írsku söguna *Echtra Connla macCuinn* (2000, 57). Tiltekið minni er skráð sem T511.1.1 og samkvæmt minnaskrá Inger M. Boberg felur *Völsunga saga* í sér eina afbrigði þess innan íslenskra miðaldabókmennta.

18 Varúlfsminni *Völsunga sögu* er í raun tvíþætt; í fyrsta lagi snýst það um konungssyni í álögum sem komast úr vargshömum sínum 10. hvern dag, og í öðru lagi fjallar það um þá Sigmund og Sinfjötla sem fara sjálfviljugir í þessa sömu hami (8. kafli). Álagatengd hamskipti eru yfirleitt talin af keltneskum uppruna.

19 Þegar Sigmundur notar lauf til að græða sár Sinfjötla (8. kafli) verður manni enn á ný hugsað til systur Artúrs, Morgan, sem var talin eiga ávexti sem læknuðu öll sár (Loomis 1970, 22–23). Atvikið minnir vitaskuld einnig á ljóðsöguna *Eliduc*, líkt og Carol Clover hefur bent á, þar sem blóm gegnir sama hlutverki (Clover 1986, 79–84). Ljóðsagan tilheyrir þeim flokki bókmennta sem nefnist Matière de Bretagne, en sögur af þeirri grein byggja mjög á munnlegri hefð og einkum keltneskum sagnaarfi.

20 Samkvæmt Sophus Bugge mun það vera algengt í írskum sögum, líkt og í íslenskum, að menn séu brenndir inni og að slík brenna hafi afgerandi áhrif á söguþráðinn (Bugge 1908, 232), sbr. minni nr. S112.

21 Sbr. minni nr. S12, S31 og G205; vondar stjúpmæður eru að vísu algengar í sögum víðs vegar um heiminn, en þó eru almennt séð mikil líkindi með þeim íslensku og keltnesku.

væri forvitnilegt að skoða nánar í samhengi við sögur af Artúri, því að ekki er óhugsandi að einhver þeirra gæti bent til frekari tengsla. Samanlagt sýna samanburðardæmin þó engu að síður að hvaðan svo sem minnin koma upphaflega, þá leika þau stórt hlutverk í sögum konunganna tveggja.

Þar sem Sigmundur og Artúr mætast

Samkvæmt því sem að framan greinir er augljóst að sagnæfni það sem kenna má við Sigmund og Sinfjötla teygir mjög svo anga sína til Bretlands. Í *Bjólfskviðu* er þess getið hversu fræg söguhetja Sigmundur hafi verið á Englandi og ber Winchester-steinninn vott um að sagnir af honum hafi með vissu þekkt þar í landi, reyndar u.þ.b. tveimur til þremur öldum síðar. Þá er feðganna getið í *Eiríksmálum* sem ort voru eftir dauða norræns konungs á Englandi, þar sem þeim er skipaður sá virðingarsess að standa næst Óðni í Valhöll; Sinfjötla er svo að lokum getið í *Helgakviðu Hundingsbana I* og II, sem tengdar hafa verið norrænum mönnum á Bretlandseyjum, og þar með breskri sagnahefð að einhverju leyti. Þótt segja meggi að dæmin beri samanlagt vott um að efnið hafi að vísu lifað á ensku menningarsvæði, má spyrja hvort sagnirnar hafi lifað þar „einangraðar“, ef svo má segja, meðal norrænna manna eða í samhengi við enskar, eða í víðara samhengi breskar sagnir sem verið hafa í umferð um svipað leyti.

Ekki verður betur séð en að tvö þeirra þriggja minna sem nefnd voru hér að framan og varða tengsl milli sagna af þeim Sigmundi og Sinfjötla við breskan sagnaarf séu mjög afdráttarlaus, og þriðja minnið, um fylgd yfir í annan heim, geti verið þeim til stuðnings — auk jafnvel fleiri dæma. Þar að auki er nokkuð ljóst að umræddar sagnir verða ekki til úr engu, hvort sem þær snerta þá Sigmund og Sinfjötla eða Artúr konung, því að allar eru þær hluti af frásagnarhefð ákveðins svæðis (svæða) og tímabils. Enginn getur með vissu sagt fyrir um aldur þeirra minna, sem hér um ræðir, eða uppruna. Og hvaðan svo sem sagnirnar um þá Sigmund og Sinfjötla munu komnar, og hvort þær muni hafa mótast meðal norrænna manna eða ekki, er ljóst að þær hafa á einhverju stigi runnið saman við breskar sagnir sem venjan er að kenna við Artúr konung.

Varðandi samanburð af því tagi sem hér hefur verið gerður er nauðsynlegt að hafa í huga að menning „afmarkaðra“ svæða hefur vafalaust runnið mjög saman, að minnsta kosti þar sem samgangur var mikill, og því er ef til vill ekki svo einfalt að skilgreina eitthvað sem „germanskt“, „keltneskt“, „norrænt“, o.s.frv. Niðurstaða þessarar greinar hlýtur að taka nokkurt mið

af þessu, en líklega er þó óhætt að fullyrða að hin breska frásagnarhefð hljóti að hafa verið sameiginlegur vettvangur eða „hýsill“ þeirra frásagna og minna sem um ræðir og Bretland því líklega sá staður þar sem Sigmundur og Artúr mætast.

HEIMILDIR

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2007. „Örlogapræðir Sigurðar Fáfnisbana.“ *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 783–792.
- Ackerman, Robert W. 1984. „Excalibur.“ *Dictionary of the Middle Ages* 4, ed. by Joseph R. Strayer. New York: Charles Scribner's Sons, 530.
- Bugge, Alexander. 1914. „Arnor jarlaskald og det Første kvad om Helge Hundingsbane.“ *Edda* 2: 350–380.
- Bugge, Sophus. 1889. „Iduns Æbler.“ *Arkiv för nordisk filologi* V:1–45.
- . 1896. *Helge-digtene i den ældre Edda: Deres hjem og forbindelser*. Kjøbenhavn: Universitetsboghandler G. E. C. Gad.
- . 1908. *Norsk sagaskrivning og sagafortælling i Irland*. Kristiania: Grøndahl & Søn.
- Beowulf*. 2000. Transl. by Seamus Heaney. New York: Farrar, Straus and Giroux.
- Brandsma, Frank. 1998. „Arthur.“ *A Dictionary of Medieval Heroes*, ritstj. Willem P. Gerritsen og Anthony G. van Melle. Tanis Guest þýddi. Woodbridge: The Boydell Press, 32–44.
- Clover, Carol J. 1986. „*Vflsunga saga* and the missing lai of Marie de France.“ *Sagnaskemmtun: Studies in Honour of Hermann Pálsson*, útg. Rudolf Simek, Jónas Kristjánsson og Hans Bekker-Nielsen. Wien: Hermann Böhlau Nachf., 79–84.
- Cross, Tom Peete. 1952. *Motif-Index of Early Irish Literature*. Bloomington, Indiana: Indiana University Publications.
- Eddadigte* III. 1971. Útg. Jón Helgason. København: Munksgaard. [3. útg.]
- Fagrskinna – Nóregs konunga tal*. 1985. Útg. Bjarni Einarsson. Íslenzk fornit XXIX. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Gísli Sigurðsson. 2000. *Gælic influence in Iceland: Historical and literary contacts*. Reykjavík: University of Iceland. [2. útg.]
- Guðbrandur Vigfússon, útg. 1878. *Sturlunga saga including The Islendinga saga of Lawman Sturla Thordsson and Other Works* I. Oxford: Clarendon Press.
- . 1886. „Place of the Helgi Lays.“ Í Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell. *Sigfred- Arminiv and Other Papers*. Oxford: Clarendon Press, 29–36.
- Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell, útg. 1883. *Corpus poeticum boreale: The Poetry of the Old Northern Tongue* I. Oxford: Clarendon Press.
- Harris, Joseph. 1983. „Eddic Poetry as Oral Poetry: The Evidence of Parallel Passages in the Helgi Poems for Questions of Composition and Performance.“ *Edda: A Collection of Essays*, ritstj. Robert J. Glendinning og Haraldur Bessason. Winnipeg: University of Manitoba Press, 210–242.

- Heinzle, Joachim. 2003. „Von der Sage zum Epos.“ „*Uns ist in alten Mären ...*“. *Das Nibelungenlied und seine Welt*, ritstj. Jürgen Krüger. Darmstadt: Primus Verlag, 20–29.
- Lindqvist, Sune. 1942. *Gotlands Bildsteine II*. Kungl. vitterhets historie och antikvitets akademien. Stockholm: Wahlström & Widstrand.
- Loomis, Roger Sherman. 1970. *Studies in Medieval Literature: A Memorial Collection of Essays*, ritstj. Albert C. Baugh. New York: Franklin.
- Malcor, Linda A. 2008. „The Icelandic Sword in The Stone: Bears in The Sky.“ *The Heroic Age* 11: [án bls.]. <http://www.heroicage.org/issues/11/malcor.php> <Skóðað 1/12 2008>.
- Malory, Sir Thomas. 1947. „The Tale of King Arthur.“ *The Works of Sir Thomas Malory*, útg. Eugène Vinaver. Oxford: Clarendon Press, 3–180.
- MI: Boberg, Inger M. 1966. *Motif-Index of Early Icelandic Literature*. Bibliotheca Arnarnagnæana, Vol. XXVII. Hafniæ: Munksgaard.
- Nerman, Birger. 1925. *Det svenska rikets uppkomst*. Stockholm: Generalstabens litografiska anstalt.
- North, Richard. 2006. *The Origins of Beowulf from Vergil to Wiglaf*. Oxford: University Press.
- Nylén, Erik og Jan Peder Lamm. 2003. *Bildstenar*. Stockholm: Gidlunds.
- Ólafur Halldórsson. 2000. *Danish Kings and the Jomsvikings in the Greatest Saga of Óláfr Tryggvason*. London: Viking Society for Northern Research.
- Olson, Oscar Ludvig. 1916. *The Relation of the Hrólfs saga kraka and the Bjarkarímur to Beowulf*. Urbana, Ill.: Society for the Advancement of Scandinavian Study.
- Prose Merlin*. 1998. Útg. John Conlee. Kalamazoo, MI: Medieval Institute Publications, Western Michigan University.
- Rímnasafn I*. 1905–1912. Útg. Finnur Jónsson. København: Samfund til Udgivelse af Gammel Nordisk Litteratur.
- Rosenberg, C. 1878. *Nordboernes Aandsliv fra oldtiden til vore dage I*. Kjøbenhavn: Samfundet til den danske literaturs fremme.
- de Vries, Jan. 1954. „Baum und Schwert in der Sage von Sigmundur“. *Zeitschrift für Deutsches Altertum und Deutsche Literatur* 85, 2, 95–106.